

422. fundur félagsmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. nóvember
2017 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Gunnhildur Björk Elíasdóttir formaður, Magnús Þór Bjarnason varaformaður, Steinþór Bragason aðalmaður, Sturla Páll Sturluson varamaður og Guðjón Már Þorsteinsson aðalmaður.

Embættismenn:

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Anna Valgerður Einarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar.

Fundargerð ritaði: Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Hildur Elísabet Pétursdóttir boðaði forföll og í hennar stað mætti Sturla Páll Sturluson.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049

Starfsmenn fjölskyldusviðs fóru yfir fjárhagsáætlun deilda og eininga fjölskyldusviðs ásamt gjaldskrá fyrir árið 2018.

Fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir félagsmálanefnd kynnt í félagsmálanefnd, ásamt greinargerð Margrétar Geirsdóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Félagsmálanefnd felur starfsmönnum fjölskyldusviðs að gera breytingar á fjárhagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum.

2. Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega - 2017110061

Kynnt drög að endurskoðuðum reglum Ísafjarðarbæjar um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Félagsmálanefnd tekur vel í breytingar á reglum um afslátt af fasteignagjöldum en óskar eftir útreikningum á fjárhagslegum áhrifum reglubreytinganna. Málið verður lagt fyrir að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

3. Reglur Ísafjarðarbæjar um félagslega liðveislu 2018 - 2017110067

Kynnt drög að endurskoðuðum reglum um félagslega liðveislu.

Málinu er frestað til næsta fundar nefndarinnar og óskað eftir að forstöðumaður félagslegrar liðveislu taki þátt í umræðunni.

4. Reglur Ísafjarðarbæjar um ferliþjónustu 2018 - 2017110068

Kynnt drög að endurskoðuðum reglum um ferliþjónustu.

Málinu er frestað til næsta fundar nefndarinnar og óskað eftir að forstöðumaður ferliþjónustu taki þátt í umræðunni.

Formaður óskaði eftir því að mál nr. 2017110070 yrði bætt við dagskrá fundarins. Fundarmenn samþykktu það.

5. Nafnbreyting - 2017110070

Lögð fram greinargerð Margrétar Geirsdóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs þar sem lagt er til að nafni fjölskyldusviðs verði breytt í velferðarsvið.

Félagsmálanefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að nafni fjölskyldusviðs verði breytt í velferðarsvið á grundvelli greinargerðarinnar. Jafnframt leggur nefndin til að nafni hennar verði breytt úr félagsmálanefnd í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Magnús Þór Bjarnason

Steinþór Bragason

Sturla Páll Sturluson

Guðjón Már Þorsteinsson

Sædis María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Anna Valgerður Einarsdóttir